

Minnisblað

Dagsetning: 15. desember 2022
Viðtakandi: Sveinn Kári Valdimarsson, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022. Verkefni 1 - Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni.

Við náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni er fylgst með álagi á gróður og jarðveg í skilgreindum hentistígum og á afmörkuðum álagssvæðum við Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss. Einnig er fylgst með álagi á jarðminjar við Hafragilsfoss. Sumarið 2022 var farið á svæðið við Dettifoss og Selfoss.

Framkvæmd 2022

Vettvangsvinna fór fram 1. september og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni og Sigþrúði Stelli Jóhannsdóttur. Þar var/voru:

- rannsóknasvæði við Dettifoss og Selfoss myndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli. Það var gert til að fá betri myndir með nýju flygildi.
- ljósmyndir teknar á föstum myndvöktunarpunktum af gróðri við Dettifoss og Selfoss.
- lagt út eitt gróðursnið til viðbótar þeim þremur sem voru lögð út á mismunandi álagssvæðum við Dettifoss sumarið 2021. Var það lagt út á álagssvæði sem er sunnan við girðingu sem afmarkar útsýnisstað næst Dettifossi (gróðursnið 4, 1. mynd). Þar eins og í hinum gróðursniðunum verður fylgst með gróðurþekju (%), þekju tegundahópa (%) og gróðurhæð skv. aðferð 1b. Markmiðið með gróðurmælingum er að sjá hvaða áhrif aðgerðir munu hafa á gróðurframvindu svæðisins.

Úrvinnsla

Frumgögnum hefur verið skilað inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e.

- Gróðurmælingar á gróðursniðum.
- Fastir myndvöktunarpunktar vegna álags á gróður.
- Ljósmyndir hafa verið settar inn í ljósmyndagrunn og gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndum úr flygildi af svæðinu við Dettifoss og Selfoss var skilað inn til Náttúrufræðistofnunar til myndkortagerðar.

Ljósmyndir á föstum myndvöktunarpunktum frá 2020 og 2022 voru bornar saman og metið hvort þar hafi orðið breytingar á gróðri, jákvæðar eða neikvæðar. Myndkort frá 2021 af svæðinu við Hafragilsfoss er tilbúið hjá Náttúrufræðistofnun. Ný myndkort af Dettifossi og Selfossi frá 2022 eru ekki tilbúin og voru myndkort frá 2020 notuð við úrvinnslu í landfræðilega upplýsingakerfinu Qgis og útbúnar myndir sem sýna staðsetningu og ástand myndvöktunarpunkta og staðsetningu gróðursniða (1. mynd).


Niðurstöður og umræður

Dettifoss

Sumarið 2021 voru settar upp girðingar meðfram gönguleiðum að Dettifossi. Þær skila einhverjum árangri en þar sást bæði framför í gróðri en einnig lítilsháttar afturför þar sem göngustígar höfðu breikkað við afmörkun þeirra. Á öðrum svæðum sáust litlar sem engar breytingar (1. mynd). Gróðursnið 4 er staðsett við enda gönguleiðar að Dettifossi og sunnan við girðingu sem afmarkar hana. Þó svæðið hafi verið girt af er talsvert farið inn á það, sérstaklega af gönguleið að Selfossi sem er þar rétt fyrir ofan (2. mynd).

Selfoss

Aukið traðk var meðfram stígnum og rof hafði aukist á stöku stað á gönguleið að Selfossi (3. mynd). Mikil bleyta var á stígum í sumar og fólk hefur leitað út fyrir þá. Á gönguleiðinni hafði ástand gróðurs versnað á flestum myndvöktunarpunktum (4. mynd).



1. mynd. Myndvöktunarpunktar og gróðursnið við Dettifoss. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.



2. mynd. Álagssvæði sunnan girðingar við Dettifoss.



3. mynd. Nýtt rof í göngustíg að Selfossi.



4. mynd. Myndvöktunarpunktar á gönguleið að Selfossi. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.